Reykjavík, 4.11.2026

Steinþór Einarsson,
Sviðsstjóri Menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar,
Menningar- og íþróttasvið Reykjavíkurborgar,
Borgartún 12 - 14,
105 Reykjavík

Erindi vegna stuðnings við Bíó Paradís

Heimili kvikmyndanna ses. óskar eftir nýjum langtímasamningum við Reykjavíkurborg um samtals 50 m.kr. árlegt framlag til Bíó Paradísar árin 2027–2029. Samningarnir taki við af núverandi samningum sem tryggja félaginu samtals 35 m.kr. á ári og renna báðir út í árslok 2026.

Framlag Reykjavíkurborgar er forsenda þess að Bíó Paradís geti áfram sinnt fjölþættu menningar- og samfélagshlutverki sínu. Þar vega þungt gjaldfrjáls kvikmyndafræðsla fyrir grunn- og leikskólabörn allt skólaárið og samfélags- og inngildingarverkefni sem gera fjölbreyttum hópi borgarbúa kleift að taka þátt í menningarlífi borgarinnar.

Við gerð síðustu langtímasamninga árið 2020 nam samanlagt framlag borgarinnar 33 m.kr. Síðan hefur það hækkað um 2 m.kr., þrátt fyrir verulegar hækkanir á rekstrarkostnaði. Beiðnin tekur mið af þeirri þróun og nauðsyn þess að sinna brýnni endurnýjun sýningarbúnaðar og viðhaldi húsnæðis samhliða áframhaldandi starfsemi.

Stuðningur borgarinnar árin 2010 - 2026

Borgarráð veitti hinu nýstofnaða félagi Heimili kvikmyndanna stuðning árið 2010 til að hefja starfsemi og taka yfir húsnæði gamla Regnbogans við Hverfisgötu fyrir fyrsta kvikmyndahús landsins sem rekið er í menningarlegum tilgangi. Síðan þá hefur Menningar- og íþróttasvið Reykjavíkur og Reykjavíkurborg stutt starfsemina um árabil.

Nýtt samkomulag var gert við Heimili kvikmyndanna ses 2025 til eins árs. Það framlag hefur hljóðað upp á 13 mkr rekstrarstyrk árlega til starfseminnar og í gildi hefur verið samningur til

ársins 2026 við Menningar- og íþróttasvið borgarinnar um 22 mkr rekstrarstyrk árlega. Samtals eru þetta 35 mkr árlega í stuðning við starfsemina.

Þessi samkomulög renna út í desember 2026.

Samanlögð samningsbundin rekstrarframlög ríkis og Reykjavíkurborgar hafa undanfarin ár staðið undir um 15–20% af heildarrekstrarkostnaði félagsins. Þessi grunnstuðningur hefur gert Bíó Paradís kleift að halda úti umfangsmikilli menningarstarfsemi og þjónustu við almenning, svo sem:

- Daglegar sýningar á alþjóðlegum verðlaunakvikmyndum, heimildamyndum, klassískum kvikmyndum og öðrum listrænum kvikmyndum.
- Vettvangur allrar íslenskrar kvikmyndagerðar á Íslandi, stuttmynda og heimildamynda.
- Sýningar á safnkosti Kvikmyndasafns Íslands og kvikmyndaarfi Íslendinga á niðurgreiddu miðaverði hvern síðasta sunnudag í mánuði.
- Heimili kvikmyndanna rekur sérhæfðar kvikmyndahátíðir eins og Alþjóðlega barnakvikmyndahátíð sem er fyrsti og eini kvikmyndaviðburðurinn fyrir börn og ungmenni í kvikmyndahúsi á Íslandi, Franska kvikmyndahátíð með yfir 20 ára sögu og er stofnaðili Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar Stockfish, kvikmyndahátíðar fagfélaga kvikmyndagerðarfólks.
- Auk fjölda annarra kvikmyndahátíða, kvikmyndadagskráa, kvikmyndaviðburða og annarra viðburða í samstarfi við sendiráð, menningarstofnanir, félagasamtök og ýmis félög allt árið.
- Kvikmyndafræðsla og kvikmyndalæsiskennsla fyrir alla leik- og grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu allt skólaárið.
- Kvikmyndafræðsla og kvikmyndalæsiskennsla fyrir alla framhaldsskólanema á höfuðborgarsvæðinu allt skólaárið.
- Kvikmyndasýningar á daginn alla miðvikudaga fyrir aldraða, öryrkja, og jaðarsetta hópa. Kaffispjall og viðburðir í tengslum við sýningarnar til að rjúfa félagslega einangrun og vanvirkni. Miðvikudagsbíó er haldið í samstarfi við Laugarás meðferðargeðdeild, Teymi Reykjavíkurborgar um alþjóðlega vernd og gistiskýlið á Lindargötu.
- Reglulegar kvikmyndasýningar fyrir einhverfa, einstaklinga með heilabilun, blinda, sjónskerta og heyrnarlausa ásamt viðburðum með aðgengi sérstakra hópa í huga.
- Reglulegar kvikmyndasýningar á nýjum pólskum kvikmyndum fyrir pólska samfélagið á Íslandi.

BÍÓ ★ PARADÍS

Innviðauppbygging kvikmyndamenningar við Hverfisgötu

Þegar Bíó Paradís tók til starfa í húsnæði gamla Regnbogans við Hverfisgötu, þá var ekki aðeins húsnæðið í slæmri niðurníðslu, heldur var tækjabúnaður ekki til staðar fyrir sýningar á stafrænu formi, en það er grunnskilyrði fyrir nútíma kvikmyndasýningum.

Á þessum 16 árum sem félagið hefur starfað, þá hefur það ekki aðeins fjárfest í nútíma sýningarbúnaði sem stenst ýtrustu gæðakröfur, heldur hefur húsnæðið verið tekið í gegn og farið í margar kostnaðarsamar framkvæmdir sem félagið hefur fjármagnað með eigin fjármögnun og í gegnum samstarfsverkefni, meðal annars með menningarstyrkjum frá ES og EES. Meðal þess sem hefur verið gert á Hverfisgötunni er eftirfarandi:

- Stafrænn sýningarbúnaður í alla 3 bíósali hússins árið 2013.
- Nýtt hljóðkerfi og lýsing í alla sali. Sérstakt hljóðkerfi í sal 1 fyrir míkrafóna. Nettengingar í alla sali svo hægt sé að tengja tölvur og varpa upp á tjaldið.
- Nýr leyservarpi í sal 1 og ný sýningartjöld í alla sali árið 2020.
- Öll bíósæti endurbólstruð og gerð upp árið 2020.
- Raflagnir lagaðar, nýtt rafmagn lagt, ný lýsing og rafmagnstöflur.
- Loftræstikerfi lagað og endurnýjað að hluta.
- Brunakerfi, brunavarnir og öryggiskerfi endurnýjuð.
- Hús allt málað að innan og utan.
- Ný gólfefni í anddyri og framan við húsið.
- Nýr bar smíðaður í anddyri árið 2020 og nýr bar aðgengilegur fólki í hjólastólum og ný veitingaaðstaða í innra rými árið 2025.
- Öll salerni endurnýjuð og byggt sérstakt salerni fyrir hreyfihamlaða árið 2022.
- Allt húsið gert aðgengilegt fólki í hjólastólum, rampar smíðaðir, lyfta sett inn í sal 2 og 3 og hjólastólastæði í alla sali árið 2022.
- Tónmöskvi fyrir heyrnarskerta lagður í alla sali árið 2022.

Með stuðningi ríkis og borgar hefur Heimili kvikmyndanna náð að byggja upp og reka þriggja sala kvikmyndahús sem státar af dagskrá á heimsmælikvarða, úrvalsaðstöðu og aðgengi fyrir alla.

Bíó Paradís hlaut Hvatningarverðlaun Öryrkjabandalags Íslands árið 2023 fyrir sitt framlag til að gera menningarstarf aðgengilegt fjölbreyttum hópi fólks. Félagið hlaut svo Samfélagslampa

Heimili kvikmyndanna – Bíó Paradís er sjálfseignarstofnun á vegum fagfélaga kvikmyndagerðarfólks sem starfar án hagnaðarsjónarmiða að eflingu kvikmyndamenningar og kvikmyndafræðslu á Íslandi.

Blindrafélagsins árið 2024 fyrir brautryðjendastarf í að gera kvikmyndir aðgengilegar blindu fólki með sjónlýsingu, og hlaut einnig aðgengisviðurkenningu Reykjavíkurborgar árið 2024.

Bíó Paradís hlaut verðlaunin „Fjólublátt ljós við barinn“, hvatningarverðlaun Ungliðahreyfingar Öryrkjabandalagsins fyrir að stuðla að bættu aðgengi fatlaðs fólks að skemmtanalífi á Íslandi.

Bíó Paradís hefur vakið alþjóðlega athygli fyrir sérstöðu sína. Bíó Paradís var útnefnt eitt af 22 svölustu kvikmyndahúsum veraldar af kvikmyndatímaritinu Variety árið 2025. Árið 2026 var húsið á lista Financial Times yfir 24 stórbrotnustu kvikmyndahús heims og á lista Time Out yfir 100 bestu kvikmyndahús heims. Þessi viðurkenning undirstrikar gildi Bíó Paradísar fyrir menningarlíf Reykjavíkur og styrkir orðspor borgarinnar sem áhugaverðs menningaráfangastaðar.

Fjárfesting í sérfræðiþekkingu og uppbygging á innviðum kvikmyndamenningar

Heimili kvikmyndanna hefur á þessum árum ekki bara náð að byggja upp úrvals aðstöðu og fjölbreytta starfsemi, heldur hefur líka byggst upp mikil sérfræðiþekking á kvikmyndamenningu og miðlun hennar fyrir alla borgarbúa.

- Bíó Paradís gefur út um 20 listrænar verðlaunakvikmyndir og vinsælar kvikmyndir frá nágrannalöndunum á ári. Þessum kvikmyndum er miðlað á streymisveitum landsmanna og eru svo á endanum sýndar á RÚV. Þannig tryggir Bíó Paradís aðgang að fjölbreyttum kvikmyndum og verðlaunakvikmyndum ársins hverju sinni, en útgáfustarfsemi Bíó Paradísar er að mestu leyti styrkt af MEDIA styrkjum Evrópusambandsins og Norræna kvikmynda og sjónvarpssjóðnum.
- Bíó Paradís rekur streymisveituna Heimabíó Paradís þar sem flestar kvikmyndir sem sýndar eru í Bíó Paradís eru aðgengilegar öllum landsmönnum. Streymisveitan nýtist einnig fyrir miðlun kennsluefnis í kvikmyndalæsi um land allt, til dæmis í tengslum við skólasýningar á Barnakvikmyndahátíð.
- Bíó Paradís er í samstarfi við minni kvikmyndahús úti á landi, til dæmis Sambíóin Akureyri, Ísafjarðarbíó, Skjaldborgarbíó og Herðubreið á Seyðisfirði um sýningar af dagskrá Bíó Paradísar. Þannig er hluti dagskrár Þýskra daga og Frönsku kvikmyndahátíðarinnar sýndur í Ísafjarðarbíó og á Akureyri, auk þess sem valdar pólskar myndir eru vinsælar á landsbyggðinni.
- Lykilstarfsfólk Heimilis kvikmyndanna hefur allt starfað hjá félaginu í fjölda ára. Það hefur á líftíma félagsins öðlast yfirgripsmikla þekkingu á miðlun kvikmynda, viðburðahaldi, styrkjaumhverfi kvikmyndamenningar og hátíða, og markaðssetningu og kennslu kvikmyndalæsis. Þannig hefur orðið til mikil reynsla og þekking á flestum þáttum kvikmyndamenningar sem var ekki til staðar í landinu fyrir aðeins 16 árum.

- Heimili kvikmyndanna lætur gæði og fagmennsku kvikmyndasýninga miklu varða enda er það hjarta starfseminnar. Því er sýningarstjórn og tæknistjórnun Bíó Paradísar í höndum sýningarmanns með yfir 20 ára reynslu og er meðlimur í félagi sýningarstjóra. Fjárfest er í ítarlegum verkferlum í kringum hverja sýningu til að tryggja gæði og bestu mögulegu upplifun sýningargesta.

Stuðningur Reykjavíkurborgar við Heimili kvikmyndanna

Þrátt fyrir glæsilegan árangur í uppbyggingu þessa fyrsta kvikmyndamenningarhúss landsins frá grunni, eru samt ákveðnar áskoranir framundan.

1. Hækkandi rekstrarkostnaður. **Húsaleiga** er vísitölutengd og hefur hækkað um **46%** síðan síðustu langtímasamningar voru gerðir árið 2020.
2. **Launakostnaður** hefur hækkað um **35%** en Heimili kvikmyndanna greiðir allar lögbundnar hækkanir og launatengd gjöld samkvæmt kjarasamningum VR.
3. Öll **aðföng** hafa hækkað í takt við hækkandi verðbólgu.
4. **Sýningarvélar í sal 2 og 3** eru orðnar 13 ára gamlar og hætt er að flytja inn perur í þær og erfitt að nálgast varahluti. Fyrir liggur að félagið þarf að kaupa nýjar vélar fljótlega, en kostnaðurinn við það er um 14 mkr. Tilboð og yfirlýsing söluaðila fylgir með þessu erindi.
5. Bíósölum og bíósætum Bíó Paradís hefur hingað til verið haldið í horfinu með minni háttar lagfæringum, en sætin og innréttingarnar eru yfir 30 ára gömul.

   Brýnt er að ráðast í viðgerðir vegna rakaskemmda í sal 1 sumarið 2027. Áætlaðar eru 4 m.kr. til viðgerðarinnar og tengdra endurbóta, meðal annars endurnýjunar veggtaus og eftir atvikum gólfdúks framan við sýningartjaldið. Þannig verði verkið nýtt til að bæta aðstöðu salarins samhliða nauðsynlegum viðgerðum.

   Á samningstímanum er jafnframt stefnt að endurnýjun sæta, gólfefna, veggtaus og lýsingar í bíósölum eftir þörfum. Í rekstraráætlunum er gert ráð fyrir 3 m.kr. til viðhaldsframkvæmda árið 2028 og 6 m.kr. árið 2029. Framkvæmdirnar verða unnar í áföngum og umfang þeirra lagað að afkomu og lausafjárstöðu félagsins.

Því leggum við til að nýr samningur Menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar við Heimili kvikmyndanna byggi á aukinni þjónustu Bíó Paradísar við kvikmyndamenningu á Íslandi, sem skipta má niður í nokkra þætti:

1. **Rekstrarstyrkur til almennrar starfsemi Bíó Paradísar – 30 mkr á ári.**

Framlagið skapar nauðsynlegan fyrirsjáanleika í rekstri og styður við fjölbreytta kvikmyndadagskrá, fræðslu og miðlun kvikmyndamenningar, samhliða því að unnið verður að brýnni endurnýjun búnaðar og viðhaldi húsnæðis í áföngum.

Árið 2027 er gert ráð fyrir 4 m.kr. viðgerðum vegna rakaskemmda í sal 1 og kaupum á sýningarvélum fyrir 14 m.kr. Tækjakaupin eru áætluð fjármögnuð með 3,5 m.kr. eigin framlagi og 10,5 m.kr. láni. Vaxtakostnaður og afborganir lánsins eru því hluti af rekstrar- og greiðslubyrði á samningstímanum. Eftir þessa brýnu endurnýjun er gert ráð fyrir 3 m.kr. viðhaldi í sölum árið 2028 og 6 m.kr. endurbótum árið 2029.

Með áfangaskiptingunni er stefnt að því að sinna nauðsynlegu viðhaldi og bæta aðstöðu gesta samhliða stöðugum rekstri. Umfang endurbóta verður lagað að raunverulegri afkomu og lausafjárstöðu. Með erindinu fylgir sérstök greinargerð um rekstraráætlanir áranna 2027–2029, fjármögnun og helstu forsendur þeirra.

Fjölbreytt og sívaxandi starfsemi hússins kallar á nokkra verkefnastjóra í hlutastarfi yfir háannatíma bíósins en ákjósanlegast væri að geta fjármagnað eitt stöðugildi við markaðsstörf og verkefnastjórnun allt árið og gera áætlanir ráð fyrir því.

Samlegðaráhrif við Reykjavíkurborg væri hægt að nýta við einstaka verkefni, til dæmis í fræðslustarfi og barnakvikmyndamenningu.

2. **Grunn- og leikskólasýningar í Bíó Paradís – 13 mkr á ári.**

Í kvikmyndastefnu Íslands fyrir árin 2020 – 2030 er lögð áhersla á að veita gott kvikmyndauppeldi á öllum skólastigum. Í læsisstefnu allra landa í kringum okkur er bent á að myndlæsi sé forsenda þess að skilja fjölmiðla og ýti undir gagnrýna hugsun. Myndlæsi er þess vegna talið ein af grunnforsendunum fyrir því að skilja og geta greint upplýsingar í nútímasamfélagi.

Grunnskólakennarar hafa lengi nýtt kvikmyndir sem ítarefni í kennslu og samþætt þær öðrum námsgreinum. Aðgangur skóla að kvikmyndum með viðeigandi sýningarleyfum og í fullnægjandi mynd- og hljóðgæðum hefur hins vegar lengi verið takmarkaður. Því fer notkun kvikmynda í

skólastarfi ekki alltaf fram með tilskildum leyfum eða við ásættanlegar sýningaraðstæður. Kvikmyndafræðsla Bíó Paradísar mætir þessari þörf með því að tryggja sýningarréttindi, faglegar sýningaraðstæður og fræðslu sem styður kennara við að nýta kvikmyndir í námi.

Heimili kvikmyndanna hefur boðið upp á kennslu í kvikmyndalæsi síðan 2011, skólum að kostnaðarlausu. Reykjavíkurborg hefur stutt við verkefnið síðan 2013.

Markmið kvikmyndafræðslu í Bíó Paradís er að veita nemendum grunnþekkingu á myndmáli kvikmynda, dýpka skilning þeirra á fjölmiðlum og samfélagsmiðlum og efla færni í að greina áróður og staðalímyndir. Jafnframt fá nemendur innsýn í kvikmyndagerð sem listform, sem verkfæri til tilfinningaúrvinnslu og leið til að tjá ólík sjónarhorn. Dagskráin er metnaðarfull og lifandi, tekur oft á málefnum samtímans og býður stundum upp á samtöl við aðstandendur kvikmyndanna.

Skólasýningar Bíó Paradísar

Fjöldi nemendaheimsókna eftir skólaári

Skólaár	Grunnskólar	Framhaldsskólar	Barnakvikmyndahátíð skólasýningar	Samtals
2016-2017	3,206	1,326	1,297	5,829
2017-2018	7,034	1,408	1,586	10,028
2018-2019	7,081	2,321	1,207	10,609
2019-2020	4,170	0	962	5,132
2020-2021	1,790	0	0	1,790
2021-2022	2,253	334	1,203	3,790
2022-2023	6,403	1,401	1,744	9,548
2023-2024	5,536	2,184	1,862	9,582
2024-2025	7,520	2,355	1,675	11,550
2025-2026	**8,736**	**2,335**	**3,067**	**14,138**

Litaskýringar og athugasemdir

Bleikt: Takmarkanir vegna COVID hófust vorið 2020.

Appelsínugult: Sýningar lögðust af haustið 2019 vegna samningsleysis.

Vorönn 2025 hefur verið bætt við tölur skólaársins 2024-2025.

Nemendafjöldi er fjöldi heimsókna; sami nemandi getur komið oftar en einu sinni.

Kennsla í kvikmyndalæsi er í boði fyrir **alla leik- og grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu** þrisvar í viku á tímabilinu janúar - maí og september – desember ár hvert. Sýningar á árinu 2025 voru 55, fjöldi kvikmynda sem sýndar voru 23, og fjöldi nemendaheimsókna var **8.736**. Einnig sóttu **3.067** grunnskólanemendur af landinu öllu kennslu í kvikmyndalæsi á Barnakvikmyndahátíð.

Með kvikmyndasýningum fyrir leik- og grunnskólanemendur í Bíó Paradís hefur verið stigið stórt skref í átt að því að gera kvikmyndalæsi að þætti innan menntakerfisins sem er unninn á faglegum og markvissum forsendum. Einnig er séð til þess að sýningaraðstaða uppfylli kröfur og tilskildum leyfum sé framfylgt.

Með því að bjóða leik- og grunnskólanemendum kennslu í kvikmyndalæsi í Bíó Paradís hefur Reykjavíkurborg getað uppfyllt kröfur sem gerðar eru um þjónustu við leik- og grunnskólanemendur og gæði slíkra sýninga. Einnig bjóðum við öðrum samstarfsverkefnum á vegum borgarinnar, svo sem stuttmyndakeppni grunnskólanna og fleiri verkefni velkomin í Bíó Paradís.

Miðvikudagsbíó fyrir alla – 7 mkr á ári.

Miðvikudagsbíó byrjaði haustið 2022 um leið og kvikmyndahúsið var orðið allt aðgengilegt hreyfihömluðum. Miðvikudagsbíó eru kvikmyndasýningar á daginn á því sem ber hæst í dagskrá bíósins, og stendur öllum til boða, þó tilgangurinn sé að ná til aldraðra, öryrkja og annarra jaðarsettra hópa. Eftir sýningar er boðið upp á kaffi, kleinur og spjall. Margir viðburðir hafa orðið til út miðvikudagsbíóinu við góðar viðtökur, svo sem hraðstefnumót eldri borgara og eldri borgaradiskó.

Miðvikudagsbíó hefur verið í samstarfi við Laugarás meðferðargeðdeild og tekið á móti skjólstæðingum frá teymi Reykjavíkurborgar um alþjóðlega vernd og gistiskýlinu á Lindargötu. Þá koma reglulega hópar úr dagþjálfun, iðjuþjálfun og dagsetrum borgarinnar.

Miðvikudagsbíó skapar þannig tækifæri til menningarþátttöku og samveru og stuðlar að því að rjúfa félagslega einangrun. Öll eru velkomin.

Árlegur rekstrarstuðningur

Samtals yrðu þá greiddar 50 mkr á ári til Heimilis kvikmyndanna í rekstrarstyrk í 3 ár, að þessum skilyrðum uppfylltum, og myndi það gera Bíó Paradís kleift að sinna hlutverki sínu enn betur. Stuðningur borgarinnar við eina kvikmyndamenningarhús landsins væri þannig

Heimili kvikmyndanna – Bíó Paradís er sjálfseignarstofnun á vegum fagfélaga kvikmyndagerðarfólks sem starfar án hagnaðarsjónarmiða að eflingu kvikmyndamenningar og kvikmyndafræðslu á Íslandi.

grundvöllur fyrir því að halda starfsemi bíósins við Hverfisgötu gangandi, ráðast í endurbætur og geta staðið straum af hækkandi rekstrarkostnaði vegna þess.

Heimili kvikmyndanna er sjálfseignarstofnun rekin af fagfélögum kvikmyndagerðarfólks sem tryggir lýðræðislega aðkomu félaganna að stjórnun þess, gagnsæi í fjármálum og áherslum. Bíó Paradís er dæmi um starfsemi sem hefur verið byggð upp í krafti opinbers stuðnings, en samanlögð samningsbundin rekstrarframlög ríkis og Reykjavíkurborgar hafa undanfarin ár staðið undir um 15–20% af heildarrekstrarkostnaði félagsins. Sá stuðningur hefur skilað sér í mikilli innviðauppbyggingu og menningarstarfi sem lýtur stjórn samfélagsins sem það sprettur úr, þjónar fjölbreyttum hópi og er einstakt á landsvísu.

Virðingarfyllst,

Hrönn Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis kvikmyndanna ses.

Heimili kvikmyndanna – Bíó Paradís er sjálfseignarstofnun á vegum fagfélaga kvikmyndagerðarfólks sem starfar án hagnaðarsjónarmiða að eflingu kvikmyndamenningar og kvikmyndafræðslu á Íslandi.